



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Akraneskaupstaður
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Stykkishólmur, 18. ágúst 2025
MÍ202508-0098/ 6.09 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

**Efni: Akraneskaupstaður. Höfðasel - Nýtt deiliskipulag,
nr. 0122/2025: Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)**

Pann 11. ágúst 2025 óskaði Akraneskaupstaður eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir Höfðasels, nr. 0122/2025.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands
magnus@minjastofnun.is

Nýtt deiliskipulag Höfðasels byggir á eldra deiliskipulagi undir iðnaðarsvæði. Skilgreindar verða aðkomuleiðir að nýju athafnasvæði í Grjótkelduflóa austan skipulagssvæðisins frá Akrafjallsvegi. Nýjar lóðir eru skilgreindar sem iðnaðarlóðir ásamt lóðum undir helstu veitumannvirki. Skipulagið fellur undir eftirfarnadi landnotkunarflokkar svk. Aðalskipulagi Akraness I-314, I-315, I-316.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.* Fornleifaskráning fyrir Höfðasel var gerð 2023 (Adolf Friðriksson 2025. *Höfðasel á Akranesi. Deiliskrá fornleifa.* Fornleifastofnun Íslands). Niðurstaða hennar er að skipulagsreiturinn nær yfir óbyggt land, sem var nýtt til mótekju og síðar grjótnáms. Skráning á vettvangi og greining gagna leiddi í ljós einn minjastað innan skipulagsreits, mógrafir. Ummerki um mógrafirnar eru að mestu horfin vegna síðari framkvæmda, þ.e. vegna skurðgraftar, vegagerðar og grjótnáms.

Minjavörður Vesturlands hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.